

	Fluttar	kr. 2121,67	
5.	2. afborgun uppi og rentur af bankaláninu frá 14/4 1896	—	1094,00
6.	Ferðakostnaður	—	200,00
7.	Ýmislegt	—	300,00
8.	Eptirstöðvar	—	700,00
			kr. 4415,67

97

Það sem má jafna niður án samþykkis landshöfðingja er 1722 kr. 29 a., og ályktaði amtsráðið að leita samþykkis landshöfðingja til þess að jafna niður 1921 kr. 67 a.

45. Amtsráðið ályktaði, að veita 10 kr. fyrir fundarhús og 20 kr. til skrifara á fundinum.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Vesturamt, 21. júlí 1898.

J. Havsteen.

*) *Aths.* Amtsráðið vildi samt binda þessa fjárveitingu því skilyrði, að mönnum utan Stykkishólms gæfist kostur á að fá bækur til láns veturinn yfir, eptir því, sem nánar yrði ákveðið af forseta ráðsins.

Skýrsla

98

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramntinu 1898.

Ár 1898, miðvikudaginn hinn 15. júní, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, varaamtsráðsmanni Húnavatnssýslu síra Stefáni Jónssyni á Auðkúlu í forföllum umboðsmanns B. G. Blöndals, amtsráðsmanni Skagafjardarsýslu, umboðsmanni Ólafi Briem á Álftgeirsvöllum, varaamtsráðsmanni Eyjafjardarsýslu, kaupmanni Magnúsi Sigurðssyni á Grund, í forföllum Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Sudurþingeyjarsýslu, síra Árna Jónssyni, prófasti á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Samþykktar voru kosningar þessara manna: Ólafs umboðsmanns Briems, sem aðalamtsráðsmanns Skagafjardarsýslu og dbrm. Einars Guðmundssonar á Hraunum, sem varaamtsráðsmanns sömu sýslu, og prófasts Árna Jónssonar á Skútustöðum, sem aðalamtsráðsmanns Sudurþingeyjarsýslu, og síra Arna Jóhannessonar í Grenivík, sem varaamtsráðsmaans sömu sýslu.
2. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1897 með fylgiskjöllum:
 - a. Jafnaðarsjóds Norðuramtsins.
 - b. Búnaðarsjóds Norðuramtsins.
 - c. Styrktarsjóds fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjardarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d. Amtsbókasafns Norðuramtsins.

98

- e. Prentsmiðjúsjóðs Norðuramtsins.
- f. Búnadarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
- g. Þúsundára afmælistjóðs Eyjafjarðar.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar og rannsókuðu þá. Síðan voru þeir samþykktir án athugasemda. En viðvíkjandi jafnabarsjóðsreikningnum ljet amtsráðið í ljósi, að það skoraði á forseta, að sækja um að fá endurgoldinn að fullu skrifstofukostnað sinn, svo að eigi þyrfti að greiða neina borgun til skripta fyrir amtsráðið nema á fundum þess.

3. Forseti lagði fram alla sýslusjóðsreikninga úr amtinu fyrir 1897. Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:

Við reikningana var yfir höfuð athugað, að þeim fylgdi eigi skrá yfir eignir sýslnanna og yfirlitsreikningur um eigur þeirra og skuldir, eins og á að vera samkvæmt 41. gr. sveitastjórnarlaganna, og ber að gæta þess eptirleidis.

Við reikningana úr Húnavatns- og Eyjafjarðarsýslu þótti að öðru leyti ekkert að athuga.

Við reikning Skagafjarðarsýslu þótti þetta athugavert:

1. Til sundkennslu í Fljótum hafa verið greiddar 100 kr. (fsk. 13.) og til sundkennslu við Steinstadalaug kr. 119,50 (fsk. 17.), en eigi er gjörð grein fyrir, hvernig þessu tje hafi verið varið. Skýrslu um þetta ber hlutadeigandi reikningshaldara að útvega og senda.
2. Í reikningi yfir aðgjörðir á dragferjunni á vesturós Hjeradsvatnanna (fsk. 24), eru við samlagninguna vantaldir 50 a., sem ber að færa til útgjalda í næsta ársreikningi.

Við reikning Sudurþingeyjarsýslu þótti athugavert:

1. Gjald fyrir 2 borgarabrfjef er talið kr. 100 kr., en eigi er tilgreint, hverjir hafa fengið brjefin, eins og þó á að vera.
 2. Vextir og afborgun af skuld M. Þórarinssonar er talin greidd úr sýslusjóði með 426 kr. 60 a., en kvittun er einungis fyrir 154 kr. 97 a. Fyrir því ber að útvega og senda kvittun fyrir 371 kr. 63 aur.
 3. Kvittun fyrir 200 kr. tillagi til gufubátsferða vantar og ber að senda.
 4. Kvittun fyrir vöxtum og afborgun af láni til Skjálfandafljótsbrúar að upphæð 200 kr., er talin var í fyrra árs reikningi, vantar og ber að senda tafarlaust.
 5. Reikningshaldari skýrir frá, að eptirstöðvar af bankaláni M. Þórarinssonar, sem voru taldar í fyrra árs reikningi greiddar úr sýslusjóði með 300 kr. hafi eigi verið borgaðar út. Fyrir því ber að telja þær í eptirstöðvum, ef þær hafa verið greiddar í sýslusjóðinn, eins og segir í sýslusjóðsreikningi 1896.
4. Forseti lagði fram alla sýsluvegasjóðsreikninga í amtinu 1897. Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og úrskurðaði þá á þessa leið:
- a. Við reikning Húnavatnssýslu þótti athugavert:
 1. Í skýrslu um verkfæra karlmenn í Engihlíðarhreppi er strykadur út

einn maður, sem eigi er talinn með, án þess að ástæður sjeu færðar fyrir því, og hið sama á sjer stað í skýrslunni úr Sveinsstaðahreppi.

2. Í skilagrein fyrir þeim helmingi sýsluvegagjalds, sem gengið hefir til þjóðvega, er talið greitt fyrir vegagjörðir á Miðfjarðarhálsi og í Víðidal 400 kr., og er kaupið þar óvenjulega hátt. Í Langadal er einnig unnið að vegarudningi og dagsverkið talið 2 kr. 50 a., en þetta hefði mátt vinna á þeim tíma, er dagsverkið er ekki nema 2 kr.
 - b. Við reikning Skagafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
 - c. Við reikning Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert, að kvittun fyrir 60 kr., er lagðar hafa verið til sýsluvega í Hvanneyrarhreppi, er eigi fullnægjandi. Eptirleiðis ber að gæta þess, að kvittanir sjeu svo orðadar, að það sjáist, hver hefir tekið við borguninni.
 - d. Við reikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að kvittun fyrir 200 kr. tillagi til gufubátsferða vantar og ber að útvega hana og senda.
5. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld brúarsjóðsins í Ska gatfjarðarsýslu, og þótti ekkert við hann að athuga.
 6. Forseti gat þess að enn væri eigi kominn reikningur yfir bryggjugjörðina hjá Blönduósi, og fól amtsráðið því forseta sínum að innheimta hann.
 7. Forseti lagði fram viðvikjandi fjárkláðamálinu:
 1. Skýrslu um málið frá amtmanni, dags. í dag.
 2. Skýrslur um baðanir sauðfjárins og um heilbrigðisástand sauðfjár í hreppunum bæði í Norðuramtinu og Austuramtinu og mörg önnur brjef og skýrslur um málið.
 3. Brjef landshöfðingja, dags. 14. f. m. þar sem hann óskar að fá álit amtsráðsins samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Ísland, dags. 14. apríl þ. á. (Stjórnartíð. 1898, nr. 13).
 4. Frumvarp til laga um fjárkláða.

Amtsráðið tók skjöl þessi til rannsóknar og allt málið í heild sinni. Eptir allmiklar umræður ljet amtsráðið í ljósi álit sitt á þessa leið:

 1. Amtsráðið telur mjög nauðsynlegt að fjárbaðanir sjeu framkvæmdar næsta haust á sama hátt og tilætlunin var á fundi amtsráðsins í fyrra.
 2. Amtsráðið telur áriðandi, að brýnt verði fyrir mönnum nauðsyn á sóttgreinsun fjárhúsa, þar sem fjárkláði kemur fyrir og á allri varkárni með sóttnæmi hans.
 3. Amtsráðið telur nauðsynlegt, að brýnt sje fyrir hreppstjórum, aðstöðarmönnum þeirra og öllum almenningi, að fylgja nákvæmlega reglum amtsins 18. júní f. á.
 4. Amtsráðið hefir rækilega kynnt sjer lagafrumvarp alþingis um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi og áður nefnd ráðgjafa- og landshöfðingjabrjef. Það hefir og rætt grein fyrir grein frumvarp það til laga um fjárkláða, er lagt hefir verið fyrir fundinn, gjört við það ýmsar breytingar og síðan í einu hljóði samþykkt frumvarpið í öllum greinum. Amtsráðið telur forseta sínum, að láta prenta skýrslu um

98

málið og lagafrumvarpið, senda það áleiðis til landshöfðinga með meðmælum sínum, og að öðru leyti hlutast til um að framkvæmdar verði ráðstafanir þær, er amtsráðið telur nauðsynlegar.

8. Forseti lagði fram eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu, og voru eptirrit þessi yfirfarin:
 - a. Við fundargjörðir Húnavatnssýslu frá 7—12. marz þ. á. þótti athugavert:
 1. Að nefndin hafði eigi tekið til meðferðar sýslusjóds- og sýsluvegasjódsreikningana, en þar sem færðar eru ástæður fyrir því, lætur amtsráðið svo búið standa í þetta sinn.
 2. Að reikningur um brúargjöld var eigi heldur lagður fyrir sýslunefndina.
 3. Að eigi hefir verið lagður fyrir sýslunefndina reikningur um bryggjuggjöld á Blönduósi, en eigi heldur hefir slíkur reikningur verið sendur amtsráðinu.
 4. Styrktarsjódsreikningar 1896 í Bólstaðarhlíðarhreppi, Kirkjuhvammshreppi og Þverárhreppi hafa eigi verið lagðir fram á fundinum, og eigi gerðar neinar ráðstafanir til að fá þá. Ber sýslunefndinni og oddvita hennar að ganga eptir reikningunum hjá hreppsnefndunum eða skýrslu um hag þeirra.
 5. Það sjest eigi á fundargjörðunum, að sýslunefndin hafi kosið mann til að endurskoða reikninga sýslunnar fyrir yfirstandandi ár.
 6. Sýslunefndin hefir eigi kosið kjörstjórnarmenn við kosning á vara sýslunefndarmönnum samkvæmt lögum 6. nóvbr. 1896, sbr. sveitarstjórnartilskipunarinnar 29. gr.
 - b. Við fundargjörðir Skagafjarðarsýslu frá 28. febr. til 3. marz þ. á. þótti athugavert, að reikningar sýslunnar voru eigi lagðir undir samþykki sýslunefndarinnar, og að eigi var kosinn maður til að endurskoða reikningana fyrir yfirstandandi ár.
 - c. Við fundargjörðir Eyjatjardarsýslu frá 10.—14. marz þ. á., þótti athugavert. Reikningur eða skýrsla um hag styrktarsjóds Grimseyjarhrepps í árslok 1897 er eigi lagður fram, og er það edlilegt vegna fjarlægðar, en á næsta fundi ber að leggja reikning þenna fram.
 - d. Við fundargjörðir Suðurþingeyjarsýslu frá 18.—20. apríl þ. á. þótti ekkert athugavert.
9. Amtsráðið tók til ihugunar, að hreppsnefndirnar hefðu eigi gætur á heilbrigðisástandinu í hreppnum, svo sem vera bæri, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn 4. maí 1872, 15. gr. Fyrir því ákvað amtsráðið, að fela forseta sínum að heimta árlegar skýrslur af hreppsnefndunum um þetta efni samkvæmt fyrirmynd, er var framlögð á fundinum, svo og láta prenta og útbýta ritgjörð eptir Guðmund lækni Hannesson, um næma sjúkdóma og að gefa hreppsnefndunum bendingar um það, hverjar skyldur hvíldu á þeim í þessu efni og leiðbeiningar viðvíkjandi samningi skýrslanna.

Amtsráðið tók ennfremur til ihugunar, að það væri mikilsvert, að almenningur fengi meiri þekkingu á öllu því, er snertir heilbrigðismál, sjúkdóma og sóttnæmi þeirra og áleit, að heppilegt væri í því efni, að fá tíma-

rit um þetta efni. Fyrir því veitti það alt að 150 kr. til útgáfu slíks tíma-rits og fól forseta sínum að veita þenna styrk.

Ennfremur fól það forseta, að skýra læknum í amtinu frá ályktunum amtsráðsins, og mælast til þess, að þeir veittu hreppsnefndunum, sem bezta leiðbeiningu til þess að fullnægja skyldu sinni, að því er snertir heilbrigðismál.

10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 26. marz þ. á., ásamt reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. Amtráðið samþykkti reglugjörðina og löggilti hana til að öðlast gildi 1. sept. 1898.
11. Fram voru lagðar skýrslur um grenjaleitir 1897 úr flestum hreppum Húnavatnssýslu, en úr 4 hreppum vantaði skýrslur: Sveinsstaða, Þverár, Kirkjuhvamms og Ytri-Torfastaðahreppi. Úr öllum hreppum Skagafjarðarsýslu. Úr flestum hreppum Eyjafjarðarsýslu, en skýrslur vantaði úr Hrafnagils, Glæsibæjar og Grimseyjarhreppi. Úr flestum hreppum Suðurþingeyjarsýslu, en skýrslur vantaði úr Svalbarðsstrandar, Háls og Reykdælahreppi.

Amtráðið athugaði skýrslur þessar og fól forseta sínum að leggja fyrir sýslumenn, að veita hreppsnefndaroddivitum þeim, sem eigi hafa enn sent skýrslur þessar, áminningu fyrir vanrækslu þeirra með að senda skýrsluna, að heimta hinar vantandi skýrslur, og að brýna fyrir nefndunum að telja á skýrslunum eigi að eins heimalandsgreni, heldur og greni á afjettum hreppsins. Síðan ákvað amtráðið að fela forseta sínum að semja eina aðalskýrslu um grenjaleitir og grenjavinnslu í amtinu og að hlutast til um að hún yrði prentuð í C deild Stjórnartíðindanna.

12. Forseti gat þess, að lög 26. febr. þ. á., um horfelli á skepnum, kæmu innan skamms í gildi, og þar sem ákveðið væri í lögnum, að amtráðið skyldi semja fyrirmynd fyrir skýrslur þær, er hreppstjórar skyldu gefa, þá væri eðlilegt að slík fyrirmynd væri þegar gefin, er gæti verið til afnota næsta vetur. Amtráðið samdi því slíka fyrirmynd, er skyldi gilda til bráðabirgða næsta vetur, en jafnframt fól það forseta að útvega tillögur sýslunefndanna um skýrslufyrirmynd, er framvegis skyldi gilda.
13. Framlagt var brjef frá spítalanefndinni á Akureyri, dags. 14. þ. m. ásamt uppdráttum af nýjum spítala þar og ýmsum skýrslum um stofnun þessa. Eptir allmiklar umræður samþykkti amtráðið með 4 atkvæðum gegn einu að veita 1500 kr. styrk af jafnaðarsjóði til spítalabygginginnar og fól forseta sínum, að taka 1500 kr. lán í þessu tilliti úr einhverjum sjóði, er afborgast skyldi á 10 árum.
14. Forseti lagði fram ýms brjef viðvíkjandi samningum við búnaðarfjelag Suðuramtsins og skýrði frá, að hann hefði gjört eptirfylgjandi tillögur um kosti fyrir því, að Norður- og Austuramtið fyrir sitt leyti ásamt búnaðarfjelinu stofnuðu búnaðarfjelag fyrir allt landið.
 1. Að Norðuramtið leggi til 400 kr. og Austuramtið 200 kr. á ári gegn því að búnaðarfjelag Suðuramtsins leggi fram sjóð sinn, og þá sje ferðakostnaður eigi greiddur af fjelagssjóði, eða
 2. Að fólksfjöldinn í ömtunum sje lagður til grundvallar og Norðuramtið, Austuramtið og búnaðarfjelag Suðuramtsins leggi til alveg eptir því ein-

98

hverjar upphæðir, er menn komi sjer saman um, en þá verði ferðakostnaður greiddur af sjóði fjelagsins. Ef ömtin eigi leggi að tiltölu jafnháa upphæð, sem vextir af sjóði Búnaðarfjelags Suðuramtsins nema, þá skal afgangurinn lagður í sjód, sem eingöngu sje varið til hagsmuna fyrir Suðuramtíð.

En í sambandi við það hefði hann gjört þá tillögu, að tillög amtanna yrðu færð niður um helming í 200 kr. og 100 kr., auk þess, sem þau legðu fram ferðakostnað til búnaðarþingsmanna, og í þess stað legði Búnaðarfjelag Suðuramtsins að eins helminginn af sínum sjóði. Amtsráðið athugaði málið og samþykkti þær tillögur, er forseti hafði gjört, en að öðru leyti ákvað það, að fresta málinu til næsta fundar.

15. Framlagt var brjef amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu, dags. 29. okt. f. á., um þá tillögu, að námstíminn á búnaðarskólanum yrði 3 ár í stað 2 ára. Amtsráðið ljét í ljósi út af þessu, að það teldi fyrirkomulagið á búnaðarskólunum eins og það nú er, miklum annmörkum bundið, þar sem menn yrðu að verja miklum tíma til náms í almennum fræðigreinum, sem ekki koma búnaðarskólunum við sem slíkum, og geta því eigi varið þeim tíma til verklegs náms, sem bæði er nauðsynlegur fyrir þá og fyrir skólabúið. Amtsráðinu virtist það nokkur bót, ef námstíminn yrði 3 ár, en á hinn bóginn virtist því, að þetta myndi hafa tiltölulega mikinn kostnað í för með sjer og hallaðist því fremur að því, að sett væru þau skilyrði fyrir inntöku á skólann, að námspiltar þyrftu eigi að fá kennslu í öðrum fræðigreinum en þeim, sem beinlínis snerta búfræði, og ef óttast mætti, að aðsóknin yrði of litil, þá heldur að auka hana með því, að veita piltum einhvern námsstyrk, meðan þeir gengu á skólann. Amtsráðið ákvað að öðru leyti að fresta fullnaðadályktun um málið þangað til að ári, þegar væntanlega verður rædd tillaga um að breyta yfirstjórn búnaðarskólans á Hólum í líka átt, eins og nú á sjer stað um búnaðarskólann á Hvanneyri.
16. Framlagt var brjef frá stjórnarnefnd Hólaskóla, dags. 14. f. m., þar sem gjörð er sú tillaga, að fyrirkomulaginu á yfirstjórn skólans yrði breytt þannig, að skólinn stæði beinlínis undir amtstráðinu og ljeti menn, er það tilnefndir, hafa eptirlit með skólanum og vera í ráðum með skólastjóra um vandamál skólans.

Amtsráðið ákvað að fela forseta, að leita álits sýslunefndanna í amtinu um þessa breytingu.
17. Framlögð voru eptirfylgjandi skjöl og reikningar snertandi búnaðarskólann á Hólum.
 - a. Prentuð skýrsla um skólann 1896/97.
 - b. Endurrit af gjörðabók stjórnarnefndar skólans 5.—7. maí þ. á.
 - c. Reikningur yfir tekjur og gjöld skólasjóðs 1896/97.
 - d. Reikningur skólabúsins 1896/97.
 - e. Reikningur yfir tekjur og gjöld kirkjunnar 1896/97.
 - f. Skrá yfir innstæður skólasjóðs, skólabúsins og kirkjunnar.

- g. Urskurðir um reikninga búnaðarskólans 1895/96 með áritun um full-ustugjörð. **98**
- h. Athugasemdir endurskoðunarmanna við ofanefnda reikninga (c. d. e.) og svör reikningshaldara við þær.
Amtsráðið athugaði reikninga þessa og úrskurðaði þá.
18. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 11. marz þ. á., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar óskar, að amtsráðið samþykki að leggja megi niður lögferjuna á Kárástöðum í Hegrænesi, og að felldur verði úr sýsluvega tölu vegarspotti að ferjustaðnum að austan. Amtsráðið samþykkti þetta.
19. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 26. marz þ. á. ásamt útskrift úr sýslufundargjörðum nefndrar sýslu 1898, þar sem farið er fram á, að sýsluveginum í Kirkjuhavammshreppi verði breytt þannig, að hann liggi framvegis af aðalpostleiðinni fyrir sunnan Sporð og framan Múlann á sýsluveginum fyrir sunnan Syðri Velli, en að sýsluvegur sá, er verið hefir þaðan fram að Króksá falli úr sýsluvega tölu. Amtsráðið samþykkti þetta.
20. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu 11. marz þ. á., þar sem farið er fram á, að amtsráðið samþykki, að jafna megi niður 20 a., sem sýslusjóðsgjaldi á hvert lausafjár og fasteignarhundrað í sýslunni yfirstandandi ár. Amtsráðið samþykkti það.
21. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu 11. marz þ. á., ásamt útdrætti af aðalfundargjörðum sýslunefndarinnar, þar sem óskað er eptir, að sýslunefndin mætti taka að sjer ábyrgð á 2500 kr. láni Akrahrepps, til að kaupa Silfrastaðaafrijettt ásamt Hálfánartungum og Krókárgerði. Amtsráðið samþykkti þetta.
22. Var framlagt brjef frá sama sýslumanni frá 11. marz þ. á., með útdrætti úr gjörðabók sýslunefndarinnar, þar sem óskað er að amtsráðið samþykki, að sýslunefndin taki að sjer ábyrgð á 2000 kr. láni Stadarhrepps, til að kaupa Reynistaðaafrijettt. Amtsráðið samþykkti þetta.
23. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 5. april þ. á., ásamt útdrætti af aðalfundargjörð sýslunefndarinnar þar, þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið samþykki að sýslunefndin þar megi taka allt að 2000 kr. lán til brúargjörðar á Ytri Laxá og allt að 200 kr. láni til brúargjörðar á Vesturá. Amtsráðið samþykkti þetta með því skilyrði, að lánið yrði endurborgað að minnsta kosti á 20 árum.
24. Þá var framlagt brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, 24. marz þ. á., ásamt útdrætti úr aðalfundargjörðum sýslunefndarinnar þar, um að amtsráðið veiti samþykki sitt til, að sýslunefndin megi enn á ný taka 3000 kr. lán til tövinnuvjelanna í viðbót við það lán, sem áður er tekið. Amtsráðið samþykkti þessa lántöku með því skilyrði, að lánið yrði endurborgað n.eð jafnri upphæð á 20 árum að minnsta kosti.
25. Framlagt var brjef frá sama sýslumanni, 22. marz þ. á., ásamt útdrætti úr fundargjörðum sýslunefndarinnar þ. á., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið veiti samþykki til að sýslunefndin megi taka allt að 2000 kr. láni

- 98 til sjúkrahúsbyggingar á Akureyri. Amtsráðið samþykkti þessa lántöku með því skilyrði, að lánið yrði að minnsta kosti endurborgað á 28 árum.
26. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjardarsýslu, 22. marz þ. á., þar sem hann tyrir hönd sýslunefndarinnar fer þess á leit, að amtsráðið vildi samþykkja, að varið væri úr sýsluvegasjóði 500 kr. á þessu ári til brúargjörðar á Hörgá, og að tekið væri 4000 kr. lán fyrir sýsluvegasjód til brúargjörðarinnar. Amtsráðið samþykkti að veita leyfi til þessa, með því skilyrði, að lánið yrði endurborgað á 10 árum.
27. Amtsráðið tók til ihugunar, að það myndi haganlegt að sýslunefndirnar útvegudu mennu til að sjá um útlán og pöntun bóka þeirra í fjarlægari hjerudum, sem lánaðar verða frá amtsbókasafninu, og fól það forseta, að bera mál þetta undir sýslunefndirnar.
28. Framlagt var bónarbrjef frá forstöðukonu kvennaskóla Eyfirðinga, 28. marz þ. á., um styrk úr Prentsmíðjúsjóði Norðuramtsins til tveggja námsmeyja, Ingibjargar Jóhannesdóttur í Götu og Karólinu Benediktsdóttur á Akureyri, og bónarbrjef frá skólastjóranum á Möðruvöllum, dags. 29. nóvbr. f. á., um styrk af sama sjóði til tveggja námspilta: Hannesar Jónassonar frá Spónsgerði og Hallgríms Kristjánssonar frá Hvassafelli. Amtsráðið veitti nemendum þessum 27 kr. styrk af sjóðnum.
29. Framlagt var brjef skólastjóra Jóns A. Hjaltalín, dags. 12. f. m., þar sem hann óskar, að amtsráðið feli forseta sínum, að senda sjer framvegis við hver árslok þá vaxtaupphæð af Prentsmíðjúsjóði Norður og Austuramtsins, sem eigi að veitast tveim námspiltum á Möðruvallaskólanum, samkvæmt þeim uppástungum, sem hann muni senda amtmanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Út af þessu ákvað amtsráðið, að vaxtaupphæðin skyldi að eins útborgast gegn kvittun rjettra hlutadeigenda, og að bónarbrjef um styrkinn skyldi sendast fyrir amtsráðsfund.
30. Framlagt var bónarbrjef sýslumannsins í Eyjafjardarsýslu, 1. þ. m., um venjulegan styrk til kvennaskóla Eyfirðinga, og frá sýslumanni Húnavatnsýslu um 300 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri Ey. Ennfremur voru lagðir fram reikningar skólanna og ýmsar skýrslur og skjöl um þá, sem amtsráðið athugaði. Amtsráðið veitti hvorum skóla fyrir sig 300 kr. næsta ár.
- Amtsráðið ljét í ljósi, að því virtist útsaumur eigi mjög þarfleg námsgrein, og fól það forseta að leita álits skólaneftanna um það, hvort eigi væri gjörlegt að hætta við kennslu á skólunum í þeirri námsgrein.
31. Framlagt var bónarbrjef frá Sigurði Sigurðssyni, frá 20. marz þ. á., þar sem hann sækir um 150 kr. styrk af jafnaðarsjóði til að læra í Noregi að bólusetja sauðfje gegn bráðapest. Amtsráðið sá sjer ekki fært að veita hinn umbedna styrk.
32. Framlagt var bónarbrjef frá Guðjóni Guðmundssyni, dags. 12. maí þ. á., þar sem hann sækir um 300 kr. styrk til að stunda búfræðisnám við búnaðarháskólann í Aas í Noregi. Amtsráðið sá sjer ekki fært að veita beiðandanum hinn umbedna styrk.
33. Framlagt var brjef frá Fjarræktarfelagi Suðurþingeyjarsýslu, frá 14. f. m.

þar sem það biður um 300 kr. styrk til kynbóta sauðfjár. Amtsráðið veitti fjelaginu 150 kr., með því skilyrði, að fjelagið sendi reikning og yfirlit yfir eigur þess og skuldir.

34. Þá var lagt fram brjef frá sýslumanni og bæjarfógeta Kl. Jónssyni á Akureyri, dags. 2. þ. m., þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið samþykki, að verja mætti 100 kr. til þess að setja jarðarhús á jörðunni Einarsstöðum, sem er eign fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjardarsýslu og Akureyrarkaupstað, í betra ásikkomulag. Amtsráðið samþykkti að verja mætti nefndri upphæð til þessa með þeim skilyrðum, sem tekin eru fram í brjefinu.
35. Amtsráðið fól forseta sínum, að fá útborgað með ákvæðisverði innritunarskrifteini Litr. A. Fol. 98, að upphæð 400 kr., tilheyrandi búnaðarsjóði Norðuramtsins, og önnur konungleg skuldbrijf, ef tiltækilegt væri.
36. Framlagt var brjef frá oddvita Húsavíkurhrepps, frá 13 þ. m., þar sem hann í umbodi hreppsnefndarinnar þar óskar, að amtsráðið felli úr gildi úrskurð sýslunefndarinnar í Suðurþingeyjarsýslu á fundi 18.—20. apríl þ á, um það, að útsvar Kaupfjelags Þingeyinga til hreppsins haustið 1897, verði fært úr 204 kr. niður í 30 kr., ásamt ýmsum upplýsingum um málið.
- Samkvæmt lögum 9. jan. 1880, 1. gr., leggur sýslunefnd endilegan úrskurð á útsvarskærumál, og sá amtsráðið sjer því eigi fært að taka beiðni þessa til greina.

37. Samin var svohljóðandi

Áætlun

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1899:

Tekjur:

1. Aætlaðar eptirstöðvar	kr. 600,00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	— 2400,00	kr. 3000,00

Gjöld:

1. Til amtsráðsins	kr. 500,00	
2. Til menntamála:		
a. Kvennaskólans á Ytri Ey	kr. 300,00	
b. Kvennaskóla Eyfirðinga	— 300,00	
c. Amtsbókasafnsins	— 500,00	
d. Bóka og áhaldakaupa til Hólaskóla	— 200,00	
e. Tímarit um heilbrigðismál	— 150,00	kr. 1450,00
3. Til fjárskoðana	— 200,00	
4. — Fjárræktarfelags Suðurþingeyinga	— 150,00	
5. — spítalans á Akureyri	— 200,00	
6. Ýmislegur kostnaður	— 500,00	kr. 3000,00

Fleiri mál komu eigi til umræðu. — Fundi slitið 18. s. m.

Páll Briem, M. Sigurðsson, Árni Jónsson, Ólafur Briem, Stefán M. Jónsson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Páll Briem.